

Reykjavík, 24. apríl 2019

Minnisblað

um fjárhagsáætlanir og viðauka – í tilefni af álitserð undirritaðs frá 22. apríl 2019

Viðtakandi: Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Höfundur: Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.

Vísað er til álitserðar undirritaðs, dags. 22. apríl 2019, sem ég ritaði fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Fyrir í dag hitti ég nefndina á fundi í ráðhúsi Reykjavíkur þar sem álitserðin var rædd. Þar kom fram að undir lok síðasta árs hefði reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga látið sveitarfélögum í té leiðbeinandi verklagsreglur vegna viðauka fjárhagsáætlunar. Þar sem mér var ekki kunnugt um tilvist þessara verklagsreglna þegar ég ritaði umrædda álitserð var ákveðið að mér yrðu sendar þær til að ég gæti yfirfarið þær nánar og kannað hvort tilefni væri til að ég breytti álitserð minni eða niðurstöðum sem þar koma fram.

Reglurnar sem ég hef skoðað eru „Leiðbeinandi verklagsreglur vegna viðauka fjárhagsáætlunar.“ Þær eru gefnar út af reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga í nóvember 2018. Ennfremur hef ég skoðað ódagsett bréf reikningsskila- og upplýsinganefndar til sveitarstjórna þar sem verklagsreglurnar eru kynntar og fram sett þau tilmæli nefndarinnar að bréfið verði lagt fyrir sveitarstjórn til umræðu. Ég hef eingöngu skoðað þessi gögn m.t.t. þeirrar niðurstöðu í nefndri álitserð að takmarkanir séu á því að viðaukar um auknar eða breyttar fjárheimildir verði samþykktir eftir að fjárhagsári er lokið.


Í umræddum verklagsreglum segir m.a. svo:

„3.2 Hvenær er ekki tilefni til gerð viðauka?

Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til. Mælst er til að útgjöld eða fjárfesting sem stofnað er til utan fjárheimildar og ekki að undangengnum viðauka, séu sett á dagskrá sveitarstjórnar og bókað sérstaklega. Sveitarstjórn hefur þannig vitneskju um ástæður þess að tiltekin útgjöld eða fjárfesting séu umfram fjárhagsáætlun og getur þannig sinnt eftirlits- hlutverki sínu gagnvart fjármálunum. Leiðréttingar á fjárhagsáætlun með gerð viðauka undir lok árs, vegna útgjalda eða fjárfestinga sem stofnað hefur verið til án samþykkis sveitarstjórnar, samræmast þannig ekki reglum um viðauka. Slíkar samþykktir þjóna ekki tilgangi laganna um fyrirfram samþykki sveitarstjórnar vegna breytinga á samþykktri fjárhagsáætlun.“

Þessi leiðbeinandi regla reikningsskila- og upplýsinganefndarinnar leiðir ekki til þess að ég þurfi að breyta álitserð minni. Fæ ég ekki betur séð en að gott samræmi sé á milli minnar niðurstöðu og þeirra leiðbeininga sem reikningsskilanefndin hefur samkvæmt þessu látið í té.

Virðingarfyllst,



Trausti Fannar Valsson
dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.